

**ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR  
nr. 63/2009****2009/EES/47/09****frá 29. maí 2009****um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKID NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist „samningurinn“ í því sem hér fer á eftir, einkum ákvæða 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) XIII. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 50/2009 frá 24. apríl 2009 <sup>(1)</sup>.
- 2) Fella ber inn í samninginn tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2008/96/EB frá 19. nóvember 2008 um öryggisstjórnun vegagrunnvirkja <sup>(2)</sup>.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. gr.

Eftirfarandi liður bætist við á eftir lið 17i (tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2004/54/EB) í XIII. viðauka við samninginn:

„17j. **32008 L 0096**: Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2008/96/EB frá 19. nóvember 2008 um öryggisstjórnun vegagrunnvirkja (Stjtíð. ESB L 319, 29.11.2008, bls. 59).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti tilskipunar 2008/96/EB, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 30. maí 2009 að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni <sup>(\*)</sup>.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 29. maí 2009.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

**Alan Seatter**

formaður.

<sup>(1)</sup> Stjtíð. ESB L 162, 25.6.2009, bls. 31, og EES-viðbætur við Stjtíð. ESB nr. 33, 25.6.2009, bls. 19.

<sup>(2)</sup> Stjtíð. ESB L 319, 29.11.2008, bls. 59.

<sup>(\*)</sup> Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.